

## TÚNRÆKT (*HERBAGE PLANTS*)

### Vallarfoxgras (*Phleum pratense* L.)

Vallarfoxgras er afbragðsgott fóðurgras, sé það slegið við skrið, en endist betur ef seinna er slegið.

Adda	LbhÍ	
Bodin	Gram.	Norskt staðaryrki (Local cultivar). Tæplega eins þolið og uppskerumikið og Adda, Engmo og Korpa.
Engmo	Gram.	Norskt staðaryrki (Local cultivar).
Grindstad	TG	Hentar þar sem sumar er langt, en vetrarþol ekki mikið.
Korpa	LbhÍ	
Vega	Gram.	Nýtt yrki, uppskerumikið og gefur meiri endurvöxt en önnur vetrarþolin yrki.

### Túnvingull (*Festuca rubra* L.)

Túnvingull er ekki gott fóðurgras og ætti ekki að nota í almennar sáðblöndur. Hins vegar getur hann átt rétt á sér þar sem hætta er á þurrkum og ætti þá að sá honum einum.

Gondolin	DLFT	Mjög lítið prófað hér á landi.
Leik	Gram.	Getur verið aðgangshart í blöndu með vallarfoxgrasi.
Reptans	SW	
Rubin	SW	

### Vallarsveifgras (*Poa pratensis* L.)

Vallarsveifgras er skriðult gras sem myndar þéttan grassvörð og lokar eyðum. Það er gott fóðurgras.

Fylking	SW	Lítill puntur, tiltölulega jöfn spretta allt sumarið.
Lavang	Gram.	Mikill puntur, skriður snemma.
Primo	SW	
Sobra	SW	

### Beringspuntur (*Deschampsia beringensis* Hult.)

Beringspuntur er með veikt rôtarkerfi fyrstu árin og opinn svörð. Hann þolir illa beit og frostlyftingu. Hann hentar best í hreinrækt í sand- og mýrarjarðvegi og er mjög vetrarþolinn.

Origin Norcoast	LbhÍ	
-----------------	------	--

### Hálíngresi (*Agrostis capillaris* L.)

Hálíngresi er miðlungi gott fóðurgras og sprettur seint úr sér.

Leikvin	Gram.	Vetrarþol ekki alveg fullnægjandi.
---------	-------	------------------------------------

### **Háliðagras (*Alopecurus pratensis* L.)**

Háliðagras sprettur og skriður mjög snemma og þarf því að slá snemma. Það gefur góðan endurvöxt. Fram að þessu hefur einungis verið ókynbættur efniviður á markaði en nú eru í prófun kynbætt yrki.

### **Fjölært rýgresi (*Lolium perenne* L.)**

Fjölært rýgresi er mjög breytileg tegund. Það er uppskerumikið og gott fóðurgras, sem má slá eða beita. Það er ekki vetrarþolið við íslenskar aðstæður, en snemmsprottið rýgresi getur hentað í sáðskipti við bestu skilyrði. Ferlitna rýgresi er gæðameira en tvílitna, en þolið er minna.

Liprinta (2n)	Lip.	
Svea (2n)	SW	Mjög snemmsprottið og tiltölulega vetrarþolið.
Tetramax (4n)	DLFT	

2n=tvílitna, 4n=ferlitna.

### **Hávingull (*Festuca pratensis* Huds.)**

Hentar vel til að slá tvisvar en þolir illa svellalög. Hávingull gæti verið heppilegur til ræktunar í sáðskiptum og í blöndu með rauðsmára.

Norild	Gram.	Norðlægt yrki.
Salten	Gram.	

### **Rauðsmári (*Trifolium pratense* L.)**

Rauðsmári hentar í blöndu með grasi í forþurrkað vothey.

Bjursele (2n)	SW
Betty (4n)	SW

2n=tvílitna, 4n=ferlitna.

### **Hvítsmári (*Trifolium repens* L.)**

Hvítsmári hentar einkum í beitartún í blöndu með grasi.

Norstar	Gram.	Hefur reynst vel í tilraunum.
Snowy	Gram.	Lítið reynt yrki.
Undrom	SW	